

Sæll Ishmael

Þakka þér fyrir heimsóknina að Hlíðarþúfum og vettvangsskoðunina með okkur í reiðveganefnd og Diddu framkvæmdarstjóra.

Hér að neðan eru óskir okkar um lagfæringar og breytingar á svæðinu okkar sem þarf að fara í sem allra fyrst.


1. Fara þarf í að færa ljósastaura neðan Hlíðarþúfa. Færa þarf 4 ljósastaura á norðurkant reiðavegarins.
2. Gera þarf aflíðandi aðkomu til og frá Hlíðarþúfum, við báða tengirampa.
3. Fylla þarf í og setja í læk, rör/stokk við eystri tengiramp og fjarlægja steypa brunna sem þar eru.
4. Gera þarf lagfæringar vegna aðvörunarskilta vegna hjóla á göngubrautar.  
Eins og fram kom verða þær að vera sam.kv. reglugerð Vegagerðarinnar.
5. Gera þarf Kaldárselsveg að 30 km götu neðan Hlíðarþúfa, málað verði á götuna 30 km. Uppsett verði aðvörunarskilti þegar komið er úr hringtorginu  
fyrir akandi og hjólandi vegfarendur, þar sem þetta er umferð um hesthúsabyggð.

Vinsamlegast svara þessari beiðni eins fljótt og hægt er.

Með fyrirfram þökk fyrir hönd Hestamannafélagsins Sörla

Hafnarfjörður, 11. mars 2019

Jón Ásmundsson formaður reiðveganefndar Sörla.



Sigríður Kristín Hafþórsdóttir framkvæmdastjóri Sörla

